


Áætlun um eftirlit með flutningi úrgangs milli landa 2024-2026



Áætlun um eftirlit með flutningi úrgangs milli landa 2024-2026

Október 2024

Útgefandi Umhverfisstofnun

Útgáfunúmer UST-2024:13

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is

Efnisyfirlit

1. Tilgangur og markmið	4
2. Landfræðilegt umfang	4
3. Forgangsröðun og áhættumat	4
4. Skipulag eftirlits	5
4.1. Óheimilt er að flytja tiltekna tegundir úrgangs milli tiltekinna landa	5
4.2. Tilkynningarskyldur inn- og útflutningur hættulegs úrgangs og úrgangsins sem fer til förgunar.....	6
4.3. Útflutningi endurvinnslufna til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII).....	6
4.4. Innflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII).....	7
5. Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa	7
6. Ábyrgð samstarfsaðila	7
7. Fyrirkomulag samráðs	8
8. Þjálfun skoðunarmanna	8
9. Mannauður, fjármagn og önnur tilföng	8
10. Niðurstöður	8
Heimildaskrá.....	9

1. Tilgangur og markmið

Virkt eftirlit með flutningi úrgangs á milli landa er mikilvægt skref í að tryggja rétta meðhöndlun á þeim úrgangi sem fellur til í hverju landi fyrir sig og tryggja að með flutningnum sé ekki verið að flytja vandamál sem fylgja úrgangsmeðhöndlun til annarra landa. Um leið veitir eftirlitið úrgangsmeðhöndlunaraðilum aukið aðhald með það að markmiði að aðilar í iðnaðinum geri sér fulla grein fyrir þeirra ábyrgð.

Tilgangur eftirlitsáætlunar um flutning úrgangs milli landa er fyrst og fremst að tryggja eftirfylgni reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs sem var innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 660/2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs, var svo aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum EES gert að sinna virku eftirliti með flutningi. Í breytingarreglugerðinni kemur fram að eftirlitið skuli fylgja eftirlitsáætlunum hvers lands fyrir sig þar sem sett er niður skipulag eftirlits til þriggja ára í senn.

Evrópusambandið hefur sett nýja reglugerð um flutning úrgangs á milli landa, reglugerð (ESB) 2024/1257 sem tekur gildi á gildistíma eftirlitsáætlunarinnar. Reglugerðin mun gilda samhliða eldri reglugerðinni um flutning úrgangs, (EB) 1013/2006, til ársins 2027. Þótt reglugerð (ESB) 2024/1257 hafi ekki verið innleidd í íslenskt regluverk, er eftirlitsáætlunin aðlöguð að gildissviði beggja reglugerða.

Markmið eftirlitsins er að enginn ólöglegur flutningur úrgangs eigi sér stað til/frá Íslandi.

2. Landfræðilegt umfang

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar 822/2010 um flutnings úrgangs á milli landa er einungis heimilt að flytja inn úrgang eða flytja út úrgang um tollhafnir, sbr. tollalög nr. 88/2005. Í samræmi við þetta og legu Íslands mun eftirlit með flutningi úrgangs beinast að gámaflutningum um tollhafnir.

3. Forgangsröðun og áhættumat

Forgangsröðun eftirlits var ákveðin út frá magntölum yfir flutning úrgangs milli landa og niðurstöðum fyrra eftirlits. Önnur atriði við forgangsröðun eftirlitsins byggja á niðurstöðum og áherslum eftirlits á Evrópuvettvangi.

Skoðunaráætlanir skulu byggjast á áhættumati, sem nær yfir sértæka strauma úrgangs og upptök ólöglegra tilflutninga og taka tillit til, séu þau fánleg og eiga við, gagna sem eru byggð á vitneskju úr rannsóknum lögreglu og tollyfirvalda ásamt greiningu á afbrotastarfsemi.

Upplýsingar yfir flutning úrgangs milli landa voru fengnar frá tollakerfi Skattsins (áður Tollstjóra) yfir 5 ára tímabil (2019 - 2023) þar sem skoðaður var útflutningur á úrgangi, innflutningur á úrgangi og útflutningur á vöru sem gæti átt að skilgreina

sem úrgang. Einnig var skoðaður leyfisskyldur flutningur úrgangs sem er á ábyrgð Umhverfisstofnunar.

Niðurstöður fyrra eftirlits er frá árunum 2018 til 2022, sem má finna í ársskýrslum yfir niðurstöður eftirlits með flutning úrgangs milli landa á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir liðnum eftirlit með flutningi úrgangs. Skýrsla ársins 2023 er í vinnslu.

Áhættumat var gert til að skilgreina þá úrgangsflokka sem eðlilegast væri að leggja áherslu á yfir þriggja ára tímabil út frá þeim upplýsingum sem lágu fyrir.

Áhættumatið tók mið af leiðbeiningum Evrópunets fyrir framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar (IMPEL) auk þess sem tekið var tillit til þekkingu sérfræðinga Umhverfisstofnunar á úrgangsmarkaðnum. Öll vinna miðaði að því að á meðan á eftirlitstímanum stendur verði haft eftirlit með fimm kvöðum sem eru kjarninn í áætlunargerðinni sjálfri og virku eftirliti næstu ára. Kvaðirnar eru:

- Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa
- Tilkynningarskyldur inn- og útflutningur spilliefna og úrgangs sem fer til förgunar (Annex IA og Annex IB eyðublöð)
- Útflutningi á endurnýtingarefnum þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Innflutningi á endurnýtingarefnum þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

4. Skipulag eftirlits

Framkvæmd og skipulag eftirlits er sett fram í framkvæmdaráætlun sem Umhverfisstofnun setur saman fyrir hvert ár eftirlitstímabilsins.

Framkvæmdaráætlunin er vinnuskjal stofnunarinnar. Í lok hvers árs er tekin saman skýrsla um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar. Framkvæmdaráætlunin byggir að mestu á upplýsingum frá tollakerfi Skattsins.

4.1. Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa

Samkvæmt 2. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs er óheimilt að flytja hættulegan úrgang og úrgang til förgunar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL) um flutning úrgangs milli landa. Í reglugerð (ESB) 2024/1257 eru svipaðar kvaðir einnig til staðar.

Umhverfisstofnun lagði mat á þennan flutning árána 2021-2023 og voru útflutningsupplýsingar greindar með tilliti til viðtökulands. Á þeim tíma komu fram 14 sendingar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD og var yfir 70% sendinga ýmiskonar málmúrgangur, og tæplega 30% voru rafföng.

Á síðastliðnum þremur árum hafa ekki komið fram frávik við þennan eftirlitsþátt. Þó hafa árlega komið fram í eftirliti 5 - 10 sendingar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD. Niðurstöður eftirlitsins leiddu í ljós að um var að í sumum tilfellum var um að ræða útflutning á vöru en ekki úrgangi og í öðrum tilfellum var um að ræða endurvinnsluefni eins og málmúrgangi, en ekki á hættulegum úrgangi eða úrgangi til förgunar og því var ályktað að flutningurinn væri ekki brot á reglum. Einnig kom upp tilvik þar sem ákvörðunarland var rangt skráð í tollskýrslu sem sending til lands utan OECD en sendingin var í raun innan OECD landa. Gögn voru móttækin því til sönnunar.

Eftirlit með þessum lið mun áfram verða unnið út frá mánaðarlegu yfirliti sem tollakerfi Skattsins sendir Umhverfisstofnun með sama hætti og fyrri ár.

4.2. Tilkynningarskyldur inn- og útflutningur hættulegs úrgangs og úrgangsins sem fer til förgunar

Umhverfisstofnun sér um afgreiðslu leyfa á tilkynningarskyldum inn- og útflutningi hættulegs úrgangs og úrgangs til förgunar. Leyfi eru yfirleitt gefin út til eins árs í senn og getur fjöldi flutninga með hverju leyfi verið á bilinu 1 - 30.000.

Áður en tilkynningarskyldur úrgangur er sendur úr landi ber tilkynnanda að upplýsa Umhverfisstofnun um dagsetningu útflutnings að minnsta kosti þremur dögum áður en sendingin fer úr landi.

Í eftirliti s.l. þriggja ára hafa ekki komið fram frávik við gámaskoðanir á hættulegum úrgangi, en minniháttar athugasemdir hafa verið gerðar í skjalaeftirliti. Áfram verður lögð áhersla á eftirlit í samræmi við framkvæmdaáætlun Umhverfisstofnunar og hvort innihald gáma sé í samræmi við útgefið leyfi.

4.3. Útflutningi endurvinnsluefna til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)

Samkvæmt reglugerð nr. 1013/2006, á Annex VII skjal að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er milli landa til endurnýtingar. Samkvæmt upplýsingum frá tolli, liggja upplýsingar um sendingar sjaldnast fyrir fyrr en sending er komin úr landi og því ekki framkvæmanlegt að svo stöddu að Umhverfisstofnun fái Annex VII áður en sendingar fara úr landi.

Umhverfisstofnun lagði mat á útflutning endurvinnsluefna til endurnýtingar fyrir árin 2018-2022. Á þessu tímabili árum hafa komið fram nokkur frávik við þennan eftirlitsþátt. Í öllum tilfellum var um að ræða fyrsta brot. Árið 2018 komu fram 20 sendingar þar sem Annex VII vantaði. Þeim tilfellum hefur fækkað jafnt og þétt og aðeins eitt slíkt tilfelli kom upp árið 2022.

Eftirlit með útflutningi endurvinnsluefna mun áfram vera unnið út frá mánaðarlegu yfirliti sem tollakerfi Skattsins sendir Umhverfisstofnun. Á eftirlitstímabilinu verður lögð áhersla á að rýna hvort lýsing úrgangs, flokkun og tollskrárnúmer sé í samræmi við endurvinnsluefnið.

4.4. Innflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)

Til að leggja mat á innflutning úrgangs voru útflutningsupplýsingar greindar með tilliti til tollskrárnúmera. Samkvæmt reglugerð nr. 1013/2006 á Annex VII á að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til endurnýtingar. Umhverfisstofun lagði mat á innflutning endurvinnsluefna til endurnýtingar árána 2012 – 2016. Á þessum tímabilinu voru samtals 565 sendingar sem innihéldu úrgang fluttar til landsins sem vigtuðu alls tæplega 7 þúsund tonn. Flestar sendingar voru undir tollnúmeri 4017.0009 úrgangur úr harðgúmmí, en járnúrgangur vó þó þyngst.

Á síðastliðnum þremur árum hafa komið fram mjög fá álitamál um innflutning á úrgangi og í þeim tilvikum þar sem álitamál komu upp, var við nánari skoðun niðurstaðan að um vöruflutninga væri að ræða og því ekki þörf á að leitast eftir tilheyrandi fylgiskjölum fyrir úrgangsflutninga.

Eftirlit með þessum lið mun vera á ábyrgð Tollgæslunnar í samráði við Umhverfisstofnun.

5. Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

Til greiningar á tilvikum þar sem úrgangur er fluttur milli landa sem vara, óskaði Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um útflutning á ákveðnum vörum fyrir árin 2021 – 2023. Langstærsti hlutinn af þeim sendingum flokkaðist undir rafföng, plast, gashylki og ýmsa málma, en að magni til vóg plastið hæst.

Í eftirliti s.l. þriggja ára hafa ekki komið fram frávik við þennan lið eftirlitsins. Nokkrir aðilar höfðu þó skráð rangt tollnúmer.

Eftirlit með þessum lið mun vera unnið út frá mánaðarlegu yfirliti sem tollakerfi Skattsins sendir Umhverfisstofnun. Haft verður eftirlit með ákveðnum tollskrárnúmerum þar sem fjöldi sendinga er mikill, magn útflutnings mikið eða þar sem stofnunin telur þörf á eftirliti. Jafnframt verður lögð áhersla á samvinnu við tollgæsluna um eftirlit á útflutningi úrgangs.

6. Ábyrgð samstarfsaðila

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á verkefninu í heild sinni og á skjalaeftirliti en staðeftirlit með innflutningi á úrgangi er í höndum Tollgæslunnar. Tollakerfi Skattsins veitir Umhverfisstofnun reglulega upplýsingar um inn- og útflutning í samræmi við beiðni stofnunarinnar um gagnaskil. Tollgæslan tilkynnir Umhverfisstofnun um tilvik þar sem þörf gæti verið á gámaeftirliti.

7. Fyrirkomulag samráðs

Eftirlitið verður framkvæmt í samráði við helstu úrgangsméðhöndlunaraðila. Upplýsingum um skyldur fyrirtækja og útfyllingu fylgiskjala er miðlað á heimasíðu Umhverfisstofnunar og með tölvupóstum til hagaðila.

Áætluninni er skilað inn til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í samræmi við 3. mgr. 52. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1257 um flutning úrgangs.

8. Þjálfun skoðunarmanna

Áætlun liggur ekki fyrir um þjálfun skoðunarmanna. Í þeim tilfellum þar sem eftirlit krefst gámaskoðana mun það vera framkvæmt í samráði við farmverndarfulltrúa tiltekins fyrirtækis.

9. Mannauður, fjármagn og önnur tilföng

Verkefnið er í höndum Umhverfisstofnunar og fær stofnunin framlag úr ríkissjóði í gegnum fjárlög til að sinna eftirliti.

10. Niðurstöður

Niðurstöður eftirlits verða gefnar út fyrir hvert eftirlitsár. Þar mun koma fram umfang eftirlits ársins, fjöldi frávika og aðrar athugasemdir sem koma fram í eftirliti. Þar munu einnig vera settar fram tillögur til umbóta á framkvæmd eftirlitsins sem tekið verður tillit til í framkvæmdaráætlun næsta árs.

Heimildaskrá

Ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL). <https://actionguide.info/m/pubs/531/>

List of OECD Member countries - Ratification of the Convention on the OECD.
<https://www.oecd.org/en/about/members-partners.html>

Niðurstöður eftirlits með flutning úrgangs milli landa. Umhverfisstofun. Eftirlit með flutningi úrgangs. <https://ust.is/atvinnulif/urgangsmal/flutningur-urgangs-milli-landa/eftirlit-med-flutningi-urgangs/>

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.

Reglugerð (EB) nr. 1418/2007 að því er varðar verklagsreglur sem ber að fylgja við útflutning á úrgangi til tiltekinna landa.

Reglugerð (ESB) nr. 2024/1257 um tilflutning úrgangs milli landa